



Borgarráð

**Tillaga um skipan í viðræðunefnd um sameiningu HER og HEF**

Í samræmi við tillögu sem samþykkt var á 141. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar þann 8. júní 2023 er lagt til við borgarráð að samþykkja að farið verði í formlegar viðræður um sameiningu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF). Lagt er til að fulltrúar Reykjavíkurborgar í sameiginlegri viðræðunefnd HER og HEF verði Aðalsteinn Haukur Sverrisson formaður HER, Sandra Hlíf Ocares varaformaður HER og Tómas G. Gíslason framkvæmdastjóri HER. Viðræðunefndin kanni fýsileika á forsendum mögulegrar sameiningar og skili kostnaðarmetnum tillögum til borgarráðs og bæjarráða aðildarsveitarfélaga HEF eigi síðar en 15. nóvember 2023. Ákvörðun um sameiningu HER og HEF liggi fyrir eigi síðar en 15. desember 2023.

**Greinargerð:**

Fram kemur í samþykkt HER þann 8. júní s.l. að sameining HER og HEF hafi lengi verið til umræðu og hafa verið sterk rök fyrir sameiningu út frá faglegum sjónarmiðum. Samlegðaráhrif við sameiningu yrðu töluverð og mikil tækifæri til staðar sérstaklega þar sem er mikil skörun á málefnum þar sem bæði eftirlitin hafa eftirlit með s.s. strandlengjan um höfuðborgarsvæðið og vatnsverndarmál.

Viðræðunefndin leiti ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu þar sem við á. Falli til kostnaður vegna ráðgjafavinnu eða annars skiptist hann jafnt á milli HER og HEF.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Útskrift úr fundargerð heilbrigðisnefndar, dags. 8. júní 2023 – Tillaga um sameiningu HER og HEF.



Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð heilbrigðisnefndar, dags. 8. júní 2023 varðandi eftirfarandi mál:

**Tillaga Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um sameiningu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF)**

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að farið verði í formlegar sameiningarviðræður um sameiningu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF). Mál þetta hefur lengi verið til umræðu og hafa verið sterk rök fyrir sameiningu út frá faglegum sjónarmiðum. Samlegðaráhrif við sameiningu yrðu töluverð og mikil tækifæri til staðar sérstaklega þar sem er mikil skörun á málefnum þar sem bæði eftirlitin hafa eftirlit með s.s. strandlengjan um höfuðborgarsvæðið og vatnsverndarmál.

Samþykkt að leggja til við borgarráð að farið verði í viðræður um sameiningu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) og að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur verði falið að halda utan um viðræðurnar.

Vísað til borgarráðs.

Jóhanna Guðjónsdóttir  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða*